

Forsætisnefnd

***Starfsaðstaða borgarfulltrúa að Tjarnargötu 12 - breytingar.***

Á yfirstandandi kjörtímabili hafa reglulega farið fram umræður á vettvangi forsætisnefndar um starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa í Tjarnargötu 12 og mögulegar breytingar á aðstöðunni til að koma til móts við þarfir borgarfulltrúa. Meðal þeirra atriða sem óskað hefur verið eftir er lokuð skrifstofuaðstaða fyrir borgarfulltrúa ólíkt þeirri aðstöðu sem nú er þegar fyrir hendi á 2. hæð í Tjarnargötunni.

Innri endurskoðun og ráðgjöf er nú með skrifstofuaðstöðu á þriðju hæð í Tjarnargötu 12 en mun flytja starfsemi sína í Guðrúnartún 1 á næstu vikum. Einnig eru fyrirhugaðar viðgerðir á þaki Tjarnargötu 12 sem samkvæmt áætlun verður lokið í september. Að þeim framkvæmdum loknum, líklega í byrjun október nk. verður starfsaðstaða kjörinna fulltrúa flutt upp um eina hæð og verður framvegis á 3. hæð í Tjarnargötu 12 en á 2. hæðinni skapast þá rými fyrir aðra starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar. Tilgangur flutninganna er að koma til móts við óskir kjörinna fulltrúa um lokað skrifstofurými fyrir flokkana. Á 3. hæð er að finna sjö skrifstofur auk kaffistofu sem verður úthlutað til borgarstjórnarflokkanna í samræmi við stærð þeirra. Skrifstofa borgarstjórnar verður innan handar varðandi fyrirkomulag hvernar skrifstofu þegar nær dregur í samræmi við óskir viðkomandi flokks. Aðstaða borgarfulltrúa á jarðhæð Tjarnargötu 12, þar sem er að finna viðtalsherbergi borgarfulltrúa, helst óbreytt.

Flutningarnir hafa í för með sér minniháttar breytingar á kostnaði skrifstofu borgarstjórnar enda er innri leiga 3. hæðarinnar örlítið lægri en 2. hæðarinnar. Áætlaður kostnaður vegna starfsaðstöðu kjörinnar fulltrúa lækkar því um 72.103 kr. á ári. Ekki er gert ráð fyrir húsgagnakaupum vegna flutninganna enda verða skrifborð, stólar og annar búnaður einfaldlega fluttur á milli hæða.

Tilkynnist það forsætisnefnd hér með.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar